



Reykjavík, 27. apríl 2026
PON25070230

Borgarráð

Afgreiðslubréf: Heimild til að hefja þriðja fasa verkefnisins “Stafræn sorphirða” – trúnaður

Á fundi stafræns ráðs þann 22. apríl 2026. var lagt fram bréf þjónustu- og nýsköpunarsviðs, dags. 17. apríl 2026, um heimild til að hefja þriðja fasa verkefnisins “Stafræn sorphirða” ásamt trúnaðarmerktri heimildarbeiðni og fylgiskjölum sbr. 6. lið fundargerðar stafræns ráðs s.d.

Lagt var til að stafrænt ráð samþykkti verkefnið og að það yrði skilgreint í fyrsta forgangi.

Tillagan var samþykkt.

Trúnaður er um efni heimildarbeiðnarinnar þangað til útboð hefur farið fram.

Guðmundur Benedikt Friðriksson og Þröstur Sigurðsson tóku sæti á fundinum undir þessum lið.

Tilkynnist það hér með.

F.h. stafræns ráðs,

Eva Pandora Baldursdóttir,
deildarstjóri stjórnsýslu og miðlunar



Reykjavík



Reykjavík, 17. apríl 2026
PON25070230

Til stafræns ráðs

Efni: Heimild til að hefja þriðja fasa verkefnisins „Stafræn sorphirða“

Óskað er eftir að borgarráð heimili þjónustu- og nýsköpunarsviði, fyrir hönd umhverfis- og skipulagssviðs, að hefja þriðja fasa verkefnisins „Stafræn sorphirða“ sem felur í sér fullvinnslu útboðs og úrvinnslu þess með það að markmiði að velja hugbúnaðarlausn fyrir sorphirðu og tilheyrandi búnað í sorpbíla til utanumhalds á losun íláta og frávikum.

Verkefnið er með fjármögnun á kostnaðarstað 2102, áhöld, tækni og hugbúnaður PON og tilheyrir verkefnaklasa 80001. Áætlaður framkvæmdatími verkefnisins er frá maí 2026 til nóvember 2027

Virðingarfyllst,

Óskar Sandholt,
sviðsstjóri þjónustu- og nýsköpunarsviðs

Hjálagt er í trúnaði:

Heimildarbeiðni, dags. 16. apríl 2026, um að hefja þriðja fasa verkefnisins „Stafræn sorphirða“

Samantekt verkefnaráðs þjónustu- og nýsköpunarsviðs.

Greinargerð verkefnisins, dags. 16. apríl 2025

Kynningarglæra verkefnisins

Kynningar fyrir verkefnaráð þjónustu- og nýsköpunarsviðs